

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð
(Lagt fyrir 53. kirkjuþing 2016).

Flutt af biskupi Íslands
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

1. gr.

3. gr. starfsreglnanna orðist svo:

■ Kirkjuráð fer með framkvæmdavald í málefnum þjóðkirkjunnar eftir markaðri stefnu laga og samþykktu kirkjuþings. Ráðið fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra.

□ **Forseti kirkjuráðs fer með fyrirsvar vegna ráðsins milli funda þess og lítur eftir störfum framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna ráðsins. Kirkjuráðsmenn geta starfað að málefnum kirkjuráðs milli funda ef þeim hefur verið falið það af ráðinu eða um nefndarstörf sé að ræða á vegum ráðsins, sem viðkomandi hefur verið skipaður til. Ráðningarsamningar vegna starfsmanna kirkjuráðs, þ.m.t. launasetningar, breytingar á þeim og slit þeirra skulu ræddir og ákvarðanir um þá teknar á kirkjuráðsfundi. Veita má forseta eða öðrum umboð til að fylgja eftir ákvörðunum kirkjuráðs hvað þetta varðar.**

□ **Forseti ráðsins ber ábyrgð á undirbúningi og skipulagningu funda kirkjuráðs, þ.m.t. gerð dagskrár og sér til þess að ákvörðunum ráðsins sé fylgt eftir.**

□ Kirkjuráð hefur aðsetur á Biskupsstofu.

□ Kirkjuráð ræður framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf sem skal kynnt á kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri framfylgir ákvörðunum ráðsins og hefur umsjón og eftirlit með störfum og verkefnum á vegum þess skv. nánari fyrirmælum ráðsins.

2. gr.

11. gr. starfsreglnanna orðist svo:

■ Kirkjuráð skipar eftirtaldar nefndir og stjórnir:

a) Stjórn Skálholts

b) Skólanefnd Skálholtsskóla, sbr. lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993

c) **Einn fulltrúa í stjórn Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju og einn sameiginlegan fulltrúa kirkjuráðs og biskups Íslands**

d) Kirkjutónlistarráð, sbr. starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 817/2000

e) Löngumýrarnefnd, er stýrir starfi kirkjumíðstöðvarinnar á Löngumýri

f) Fagráð vegna kynferðisbrota, sbr. starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð skal skipa í hverja nefnd þrjá aðalmenn og þrjá til vara, til fjögurra ára í senn frá og með 1. júlí árið eftir kirkjuþingskjör og jafnframt ákveða hver er formaður nefndar og varamaður hans, nema lög eða starfsreglur mæli annan veg.

3. gr.

16. gr. starfsreglnanna orðist svo:

■ Kirkjuráð heldur fund mánaðarlega að jafnaði. Heimilt er að fella niður einn fund á tímabilinu júní-ágúst ár hvert. Forseti ráðsins getur boðað til aukafundar ef brýna nauðsyn ber til. Einnig skal halda fund ef tveir eða fleiri kirkjuráðsmenn óska þess.

□ **Kirkjuráðsmönnum er skylt að sækja boðaða fundi nema um lögmæt forföll sé að ræða.**

□ **Heimilt er kirkjuráðsmönnum að taka þátt í kirkjuráðsfundi með fjarfundarbúnaði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.**

□ Fund skal boða með dagskrá, bréflaga eða í tölvupósti, með viku fyrirvara að jafnaði. Jafnframt skulu erindi sem óskað er eftir að tekin séu fyrir í kirkjuráði hafa borist fyrir fundarboðun.

4. gr.

17. gr. starfsreglnanna orðist svo:

■ Kirkjuráð ræður sér fundarritara. Hann ritar fundargerð sem borin skal upp til samþykktar á fundinum eða send kirkjuráðsmönnum eigi síðar en viku eftir fundinn til samþykktar. Í fundargerð skal greina stutt og skilmerkilega frá framlagningu máls og niðurstöðu í því. **Hver kirkjuráðsmaður á rétt á að fá bókað um afstöðu sína eða annað sem tengist þeim dagskrárlið sem til umræðu er.**

□ Fundargerð skal send kirkjuþingsmönnum þegar eftir að hún liggur fyrir. Samþykkt fundargerð er opinber og öllum aðgengileg, nema lög mæli fyrir um annað.

5. gr.

■ Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2017.

Athugasemdir með tillögu þessari.

Fyrir kirkjuþingi 2016 liggur tillaga löggjafarnefndar kirkjuþings að breytingum á starfsreglum um kirkjuráð. Er sú tillögugerð í framhaldi af álitsgerð þriggja lögfræðinga um valdmörk biskups Íslands og kirkjuráðs þjóðkirkjunnar, frá 12. febrúar 2016 og sem var upphaflega lögð fram á seinni hluta kirkjuþings 2015 og þá vísað til löggjafarnefndar kirkjuþings. Forseti kirkjuráðs telur einnig frekari þörf á breytingum á starfsreglum um kirkjuráð, einkum til að tryggja skýrari reglur um starfsemi þess og vinnubrögð. Til hægðarauka er texti þess, sem lagt er til að komi inn í starfsreglur, feitletraður. Upphaflegar tillögur biskups í máli þessu, sem skilað var til forseta kirkjuþings í október mánuði 2016 voru ítarlegri og gengu lengra en þessi tillaga gerir. Eftir að hafa fengið viðbrögð og athugasemdir við þeim var ákveðið að fella að svo stöddu nokkrar breytingatillagnanna út úr málinu en athuga eftir atvikum hvort þær verði fluttar síðar. Tvö önnur þingmál tengjast þessu máli þ.e. 14. mál – tillaga til þingsályktunar um vinnureglur um stjórnarsýslu og

starfshætti kirkjuráðs - og 21, mál - tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009. Vegna breytinganna eru þau tvö mál dregin til baka. Telja verður þó eðlilegt að beina því til forsætisnefndar kirkjuþings að athuga hvort endurskoða megi fyrirkomulag kosninga til kirkjuráðs með þeim rökum sem fram koma í 21. máli.

Athugasemdir um einstök ákvæði tillögunnar.

Um 1. gr.

Lagt er til að fram komi í starfsreglunum að forseti kirkjuráðs fari með fyrirsvor ráðsins milli funda en slíkt tíðkaðist ætíð áður fyrr og nauðsynlegt að kveðið sé skýrt á um þetta. Þá er lagt til að kveðið verði á um að framkvæmdastjóri lúti verkstjórn hans milli funda en slíkt fyrirkomulag tíðkaðist einnig áður fyrr.

Biskup telur eðlilegt, með hliðsjón af álitsgerð um valdmörk biskups Íslands og kirkjuráðs að skýrar reglur gildi um það hvenær kirkjuráðsmenn geta starfað að málefnum kirkjuráðs. Rétt er að mikilvægar ákvarðanir um ráðningarmál starfsmanna, þ.m.t. launasetningar, séu teknar á kirkjuráðsfundum og að kirkjuráð geti veitt forseta umboð til að fylgja þeim eftir. Þá er eðlilegt og sjálfsagt að forseti hafi þá ábyrgð á undirbúningi funda og eftirfylgni sem lögð er til í ákvæðinu.

Um 2. gr.

Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju var stofnaður með skipulagskrá þann 11. ágúst 2016. Skráin hefur verið staðfest á grundvelli laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagskrá nr. 19/1988. Samkvæmt 6. gr. skipulagskrárinnar tilnefnir kirkjuráð einn stjórnarmann og einn til vara og biskup og kirkjuráð annan stjórnarmann sameiginlega og varamann hans. Er rétt að taka það upp í 11. gr. starfsreglnanna til samræmis.

Um 3. gr.

Lagt er hér til að tekið sé upp ákvæði er skyldi ráðsmenn til að mæta á boðaða fundi, nema um lögmaet forföll sé að ræða. Þá er sömuleiðis lagt til að sett sé heimild til fjarfunda (símafunda) í starfsreglur þótt slíkir fundir séu raunar löglegir í dag. Kirkjuráð hefur haldið símafundi um einstök og brýn mál og hefur hlotist af því bæði hagræði og sparnaður.

Um 4. gr.

Lagt er til að skýr heimild komi inn í starfsreglur um rétt ráðsmanna til að fá bókað á fundum athugasemdir eða álit á málum.

Um 5. gr.

Lagt er til að starfsreglurnar öðlist gildi um áramót.

Ekki ert gert ráð fyrir að kostnaður hljóttist af samþykkt tilagnanna verði þær samþykktar.